

**142. fundur skólanefndar ME,
haldinn 27. nóvember 2018 kl. 17:00 í fundaherbergi skólans**

Mættir skólanefndarmenn: Skúli Björn Gunnarsson, Anna Björk Guðjónsdóttir, Sigrún Birna Björnsdóttir, Halldór B. Warén og Steinunn Ásmundsdóttir í fjarveru Stefáns Boga Sveinssonar.

Mættir áheyrnarfulltrúar: Þórunn F. Víðisdóttir f.h. kennara, Bergrún Arna Þorsteinsdóttir f.h. foreldra og Sigurlaug Þórsdóttir f.h. nemenda.

Jafnframt sátu fundinn: Árni Ólason skólameistari og Arnar Sigbjörnsson áfangastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Staðfesting fundargerðar nr. 141
2. Gangurinn í starfinu
3. Vorönn 2019.
4. Fullveldishátið í ME laugardaginn 1. desember
5. Fjárhagsmál
6. Önnur mál

Skúli Björn setur fund kl. 17. Gengið er til dagskrár.

1. Staðfesting fundargerðar nr. 141

Fundargerð 141 staðfest með undirritun á fundinum en hún hafði verið send út til samþykktar eftir síðasta fund.

2. Gangurinn í starfinu

Árni Óla lýsir skólastarfi nú þegar seinni haustspönn er hálfnuð. Undirbúningur fyrir fullveldisfögnuð þann 1. des er í fullum gangi en fjallað verður um fögnuðinn síðar á fundinum.

Áfangaval nemenda fyrir vorönn fór fram 30. okt. til 2. nóv. Í kjölfarið var áföngum raðað niður á spanni vorannar. Margir hópar eru litlir vegna fámennis í skólanum en þó tókst að halda í öll stöðugildi. Þar munar mikið um fjarnámið.

Þegar skólastarf hófst í haust voru nemendur um 230. Um áramót fækkar um hartnær 20 nemendur vegna útskriftar auk þess sem allmargir hafa hætt námi á haustönn. Því má gera ráð fyrir að í upphafi vorannar verði nemendafjöldinn nokkuð undir 200.

Árni minnst á að kvikmyndanámskeið á vegum Stúdíós Sýrlands hafi gengið vel í haust og örvað kvikmyndlíf í skólanum síðan. Leiklistanámskeið hjá Emilíu nýverið tókst einnig mjög vel og verður eflaust góður grunnur fyrir leikverk sem sett verður upp eftir áramót.

Sigurlaug segir frá félagslífinu. Síðasta miðvikudag fór fram gúrkumót og árshátíðin fer fram í Valaskjálfi föstudaginn 7. des. Árshátíðardansleikur verður á efri hæð hússins. TME stendur fyrir jólatónleikum mánudaginn 10. desember.

Ball þann 2. okt. gekk vel en þar var prófuð sú nýbreytni að hafa tvennskona miðaverð, eitt fyrir þá sem blésu í áfengismæli en 1.000 kr. dýrara fyrir þá sem blésu ekki. Tilraunin heppnaðist vel þótt nokkur röð myndaðist við blásturinn. Sigurlaugu fannst ákveðin vakning um að drekka minna skapast við framtakið og var umgengni betri en verið hefur. Þrengslin á efri hæðinni í Valaskjálfi skiluðu sér í mikilli stemmingu. Aðsókn var svipuð og verið hefur þrátt fyrir að miðasala færi hægt af stað, hugsanlega vegna þess að nemendur voru að ákveða lit á miðanum sínum. Rúmlega 60 blésu sem er heldur meira en venjulega. Fyrirhugað er að hafa 2.000 kr. mun á miðaverði á árshátíðinni í stað 1.000 kr. síðast til að auka hvatann til að vera edrú.

Sigurlaug segir frá þingi SÍF þar sem unnið var stefnumótun sambandsins. Við stefnumótunina tók sambandið ME til mikillar fyrirmyndar og hafði t.a.m. frétt af rauðu og grænu miðunum.

Árni nefnir að allsnörp skoðanaskipti hafi verið innan nemendaráðs að undanfögnu. Skúli spyr hvort skólinn hafi boðið upp á tilsögn í félagsstörfum og Árni svarar að svo hafi ekki verið um hríð. Gerð var sú tilraun í á fyrri haustspönn að ráða kennara til að vinna með nemendaráði. Það gekk vel og verður hugsanlega gert áfram. Sigurlaug telur vera gagnlegt að hafa félagsmálanámskeið, t.d. að hausti.

Útskrift verður í Egilsstaðakirkju kl. 14 fimmtudaginn 20. des. 19 nemendur er skráðir til útskriftar, allir af stúdentsbrautum.

Verið er að sýsla við umsókn til Uppbyggingarsjóðs til kaupa á tækjum, s.s. laiser-skera o.fl., í tengslum við listnám. Fjárhagsáætlun við kaupin hljóðar upp á u.þ.b. 7 milljónir. Hægt væri að byrja undirbúning í febrúar og hefja notkun að hluta næsta haust. Tilkoma tækjanna myndi auka fjölbreytni í skólstarfinu þannig að hægt væri að sinna breiðari hópi. Allir sammála um að skapandi nám er sterkt veganesti.

3. Vorönn 2019

Fardagar verða verða á spennaskilum vorannar 6.-8. mars og frumsýning á söngleik um svipað leyti, þannig að hægt verður að nota fardagana í æfingar fyrir hann. Fardagar eru samræmdir í skólum Fjarmentaskólans og möguleiki á flæði nemenda milli skóla. Barkinn er fyrirhugaður skömmu fyrir páskafrí. Vorútskrift verður laugardaginn 25. maí. Þrátt fyrir fækkun nemenda lítur ágætlega út með vorönn og bjargar fjarnámið miklu eins og fyrr segir.

4. Fullveldishátíð í ME laugardaginn 1. desember

Fullveldisfögnuður verður haldinn næstkomandi á laugardag og liggur dagskrá fyrir. Árni varpar henni á skjá og fer í gegnum hana. Settar verða upp sýningar frá söfnum í fjórðungnum og græn sýning umhverfisnefndar. Kammerkór Egilsstaðakirkju og Dúkkulísurnar mæta á svæðið og fyrrverandi ME nemendur standa fyrir viðburðum. Núverandi nemendur verða kynnar á fögnuðinum auk

Þess sem þeir flytja tónlistaratriði og upplestur. Viðburðurinn var lítillega færður til í því skyni að samræma við aðra viðburði í fjórðungnum.

5. Fjárhagsmál

Ársreikningur ársins 2017 var undirritaður nýverið. Afkoman reyndist vera rúmar 18 milljónir í plús þegar upp var staðið og fyrir liggur loforð um að færa þá fjárhæð yfir á árið 2018. Gera má ráð fyrir lægri fjárlögum á næstu árum samfara fækkun nemenda. Ennþá er óvissa varðandi áhrif nýs reiknilíkans á fjárhag skólans. Skólinn er með háar sértekur miðað við marga aðra skóla vegna sumarleigu og fjarnáms.

Innri endurskoðun, sem gerð er á nokkurra ára fresti, er lokið nær athugasemdalaust. Skýrslan verður sett í dropbox skólanefndar.

Hluti nýs reiknilíkans er kominn í gildi. Nú eru nemendatölur teknar þremur vikum eftir að önn hefst í stað þess að telja hversu margir skila sér til prófs. Þessi breyting skilar sér í hækkun greiðslu til framhaldsskóla uppá ca. 6%. Nýtt reiknilíkan verður tekið í notkun í skrefum til ársins 2021.

Árni varpar upp og kynnir hugarkort hóps innan skólans sem vinnur að hugmyndum til fjölgunar nemenda. Fundarmenn gera góðan róm að því.

Anna Björk minnst á persónuverndarlög í tengslum við notkun á facebook, skólinn þarf að stíga varlega til jarðar inni á samfélagsmiðlunum. Anna tilgreinir þá vinnu sem er í gangi í Egilsstaðaskóla varðandi ný persónuverndarlög.

Skúli spyr um stöðu persónuverndarmála í skólanum. Árni segir að ný persónuverndarstefna sé á næsta leiti og eins er verið að innleiða nýtt skjalastjórnunarkerfi í Sharepoint.

Skúli spyr um fjárhagsáætlun næsta árs, enda sé þetta síðasti skólanefndarfundur ársins. Árni segir að árið 2019 sé gert ráð fyrir afkomu nálægt núlli. Í þriggja ára áætlun er gert ráð fyrir því að rekstrarafkoma verði rúmar 2,5 milljónir árið 2020 og rúmar 5 milljónir árið 2021.

6. Önnur mál.

a) **Ættir austfirðinga.**

Árni greinir frá því að verkefnið sé á síðustu metrunum og jafnvel verður hægt að opna vef þess undir léninu *ættir Austfirðinga* fyrir 1. des. Edda Langworth hefur unnið gott starf við að koma ættfræðiritinu yfir á aðgengilegt vefform.

b) **Umbótaáætlun.**

Árni varpa áætluninni á skjáinn og útskýrir. Þetta er einskona loftvog um starfsemi skólans, byggð á könnunum, starfsmannasamtölum og ábendingum starfsmanna. Mannauðsstjóri heldur utan um áætlunina.

c) **Viðbragðsáætlun eineltismála.**

Árni varpar áætluninni á skjáinn og hvetur fundarmenn til að lesa hana vel. Frá 2012 hefur verið áætlun í gildi varðandi nemendur en þessi áætlun miðar fyrst og fremst að starfsfólki. Að endingu verða þessar stefnur samræmdar. Þær fara fyrir skólaráð þegar þar kemur að verður birt að því loknu.

Sigurlaug spyr út í niðurstöður nemendakönnunar haustsins varðandi einelti. Arnar svarar því að til að 9 nemendur hafi sagst hafa orðið varir við einelti á önninni og 4 orðið fyrir einelti. Umræða skapast um mikilvægi þess að bregðast rétt við slíkum málum.

d) Líðan nýnema úr Egilsstaðaskóla

Anna Björk spyr um ástand nýnemahópsins frá Egilsstaðaskóla í ljósi andláts bekkjarfélaga þeirra í vor og hvetur skólann til að vera vakandi fyrir þessum hópi. Umræða skapast um leiðir í málum sem þessum

e) Ráðstöfun Skólasjóðs

Steinunn Ásmundsdóttir spyr hvort úthlutað hafi verið úr nýstofnuðum sameinuðum Skólasjóði. Skúli Björn segir það ekki hafa verið gert en hugmyndin sé að nota peningana fyrst og fremst innan skólans.

f) Reykingar á lóðamörkum

Steinunn gerir athugasemd við að fólk hrekjist niður undir íþróttahús til að reykja í frímínútum. Ára skólans þarf að vera góð út á við en hún telur þetta slæma auglýsing. Fáir nemendur og starfsmenn reykja en það er ásýndin sem er vandamál. Umræður skapast um hvort hægt sé að ráða bót á þessu þar sem staðsetning reykingafólks er ekki heppileg en engin augljós lausn liggur fyrir. Einnig er rætt um reykingar og veip. Sigrún Birna upplýsir að til standi að setja reglugerð um veip sem taka gildi fyrsta mars. Þar með myndi sala á þeim tækjum og efnum falla undir sama ramma og tóbak.

Skúli Björn slítur fundi kl. 18:11.

Næsti fundur þriðjudaginn 29. janúar 2019.

Fundargerð ritaði Arnar Sigbjörnsson.

Skúli Björn
Halldur B.W.
Anna Björk Guðmundsdóttir